Meiri línuveiðar og minni togveiðar?

Höskuldur Björnsson, sérfræðingur á veiðiráðgjafarsviði Hafrannsóknastofnunarinnar, hélt erindi um »Vandamál við stjórnun ýsuveiða« á aðalfundi LÍÚ í ...

Höskuldur Björnsson, sérfræðingur á veiðiráðgjafarsviði Hafrannsóknastofnunarinnar, hélt erindi um »Vandamál við stjórnun ýsuveiða« á aðalfundi LÍÚ í haust. Glærur úr erindinu eru á vefsíðu LÍÚ og er efni þeirra rakið hér í stuttu máli.

Höskuldur gerði grein fyrir ástandi ýsustofnsins í dag og kom m.a. fram að síðasta áratug hefur útbreiðsla ýsu breyst við landið. Hann fjallaði um almenn markmið með veiðum eða aflareglum og benti m.a. á að ýsan væri erfiður stofn varðandi mörg þessi markmið. Nýliðun hennar er mjög ójöfn og munur á stærstu og minnstu árgöngum getur verið þrítugfaldur. Smá og stór ýsa heldur sig oft á sömu svæðum og getur það valdið afföllum á smáýsu við veiðar. Smáýsa kemur vel fram í stofnmælingum og mun fleiri ýsur en þorskar fást í þeim. Þetta má túlka sem vísbendingu um að mikið af smáýsu lendi í trollum og sleppi þaðan.

Höskuldur benti á að ýsan væri talin viðkvæm fyrir þessu smugi, ekki síst eins árs gömul ýsa sem sjaldan sjáist á dekki. Hann nefndi einnig leiðir til að draga úr óbeinum afföllum. Þar á meðal að lækka veiðihlutfall. Einnig að loka svæðum fyrir togveiðum tímabundið, samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga varðandi útbreiðslu ýsuungviðis. Loks að auka hlutdeild línuveiða.